

Ed.

264. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsm. Magnús Pjetursson.

1. við 1. gr.

Aftan við aðra málsgr. bætist:

Þó má Stjórnaráðið veita útlendum flutninga- og farþegaskipum leyfi til þess að hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má af forða þeim gefa eða selja öðrum en skipverjum.

2. við 2. gr.

Greinin orðist þannig:

Nú er maður ölvaður á almannafæri og má þá leiða hann fyrir dómara. Skál hann þá skyldur að skýra frá á hvern hátt hann hefir fengið áfengi það, er hann er ölvaður af orðinn. Vilji hann ekki gera það, skal hann talinn brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909.